

4. FUNDUR FISKSJÚKDÓMANEFNDAR ÁRSINS 2017

--- Fundargerð ---

Mættir: SD, ÁK, GME, JP, RÞM og GJ.

1. SD setti fund kl. 11⁰⁰ í húsaýnum Matvælastofnunar að Stórhöfða 23. Aðeins eitt formlegt erindi var á dagskrá og var það tekið til framhalds- og lokaafgreiðslu.
2. Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi MATÍS ohf., dags. 21. feb. 2017, þar sem óskað er eftir heimild til innflutnings á kyrrahafshvítrækju (*Litopenaeus vannamei*) til notkunar við rannsóknir á sviði næringarfræði. Í umsókn er þess ekki getið hvaðan rækjan skal koma né í hvaða fjölda, en símléiðis hefur komið fram að vilji er til að flytja inn allt að 1.000 dýr frá Bandaríkjunum eða jafnvel landi innan Evrópu. Samkvæmt umsókn eru áform um að taka rækjuna til áframeldis og fóður-rannsókna í Straumfræðihúsinu á Keldnaholti í Reykjavík þar sem framkvæma skal tilraunir í lokuðu kerfi. Með umsókninni fylgdi áhættumat, með áherslu á líffræði og útbreiðslu tegundarinnar, en ekki er komið inn á einstaka smitsjúkdóma sem þekktir eru hjá kyrrahafshvítrækju og ógnað geta viðkomu og tilvist krabbategunda.

Kyrrahafshvítrækja (eða hvítleggja rækja / Whiteleg shrimp) á uppruna sinn að rekja til austur Kyrrahafs. Tegundin er heitsjávarrækja sem vex og dafnar vel í sínu villta umhverfi við hitastig > 20°C í ísöltu til fullsöltu vatni við miðbaug. Tegundin þolir ekki hitastig undir 8°C sem útilokar að tegundin geti tímgastr og þrífist í villtu vistkerfi hér við land. Öðru gegnir hins vegar um smitvalda, þeir gætu hæglega lifað og dreift sér komist þeir með einhverju móti í vistkerfið.

Til að rekja aðdragandann að afgreiðslu fisksjúkdómanefndar barst erindi MATÍS upprunalega til ANR þann 21. febrúar 2017, sem áframsendi erindið til MAST 23. febrúar og var málið kynnt fisksjúkdómanefnd samdægurs. Erindið var í framhaldinu sent til umsagnar bæði til erfðanefndar landbúnaðarins og Umhverfisstofnunar. Erfðanefnd landbúnaðarins gaf svar þann 7. apríl og komst að þeirri niðurstöðu að rækjutegundin falli ekki undir verksvið nefndarinnar og tók því ekki afstöðu til umsóknarinnar. Nefndin lét þess þó getið að gæta þyrfti fyllstu aðgátar og ábyrgðar af hálfu innflytjanda og stjórnvalda sökum hættu á útbreiðslu sjúkdóma. Umhverfisstofnun vísaði umsókninni til umsagnar hjá sérfræðinefnd um innflutning framandi lífvera, skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Nefndin gaf umsögn til UST þann 27. október og fékk fisksjúkdómanefnd niðurstöður í hendur með t-pósti þann 15. nóvember síðastliðinn. Í samantekt UST kemur fram að stofnunin hafi farið yfir umsókn MATÍS, áhættumat og umsögn sérfræðinefndar og tekið þá afstöðu að litlar líkur séu á slyasleppingum miðað við þá afmörkun sem umsækjandi setur eldinu. Jafnframt tekur UST undir að ólíklegt sé að tegundin geti þrífist hér við land og heimilar fyrir sitt leyti innflutning á nefndri hvítleggjarækju.

Á fundi fisksjúkdómanefndar í dag var málið reifað ítarlega frá öllum hliðum. Fjölbreytileiki smitsjúkdóma í rækjum er almennt mikill um víða veröld, en umfjöllun fisksjúkdómanefndar tekur fyrst og fremst mið af þeim sjúkdómsvöldum sem helst

skipta máli þegar meta þarf áhættu með tilliti til innflutnings á kyrrahafshvítrækju. Umrædd rækjutegund er mjög sjúkdómasækin og er meðal annars hýsill fyrir tilkynningaskylda veirusjúkdóma á borð við Yellowhead disease (gulhöfðaveiki), Taura syndrome (rauðhali), White spot disease (hvítblettaveiki), Tetrahedral baculovirus, Infectious hypodermal and haematopoietic necrosis og Infectious myonecrosis. Að auki má nefna bakteríusjúkdóminn Necrotising hepatopancreatitis.

Sú vitneskja liggur fyrir að okkar íslenska humartegund (*Nephrops norvegicus*) er næm fyrir hvítblettaveiki (White spott disease), sem talinn er einhver alvarlegasti smitsjúkdómur sem leggst á krabbadýr. Auk þess er talið vel hugsanlegt að íslenska rækjan (*Pandalus borealis*) sé einnig móttækileg fyrir þessari veiru. Hvort íslenskar humar- og rækjutegundir séu einnig móttækilegar fyrir hinum sjúkdómsvöldunum hefur ekki fengist staðfest. Slíkar rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir, einkum vegna þess að þekking á þessum smitsjúkdómum er jafnan að langmestu leyti bundin við tegundir í eldi.

Eftir að hafa lagt faglegt mat á þá þætti sem snúa að smithættu og sjúkdóma-vörnum var það samdóma álit fisksjúkdómanefndar að mæla ekki með því við MAST að MATÍS ohf. verði veitt heimild fyrir innflutningi á ofangreindri rækjutegund. Íslenskt vistkerfi og lagareldi býr almennt við þær einstöku aðstæður að alvarlegir veirusjúkdómar hafa aldrei komið upp og er það skylda yfirvalda að standa vörð um þá stöðu eins og kostur er.

3. Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12³⁰.
Næsti fundur ekki ákveðinn, en verður boðaður eftir því sem þörf verður á.

Virðingarfyllst;

Gisli Jónsson